13. Útvarpsfrétt 26. nóvember 1940 um aðalfund barnasumardvalafélags Odd-Fellowa. Ennfremur: Drög að viðtali við Jón Pálsson og ætlast var til að flutt yrði í útvarpið, en fórst fyrir.

---

1 blað vélritað qto.
4 1/2 bls. qto. + viðauki dagsettur í Reykjavík, 15.mai 1940.

7

Barnasumardvalarfélag Oddfellowa, hélt aoalfund sinn sunnudaginn 17.þ.m. Á fundinum var lagour fram útdráttur úr skýrslu félagstjórnarinnar um rekstur Barnaheimilisins ao Silungapolli s.l. sumar. Í skýrslunni segir meoal annars svo:

Börnin voru flutt ao Silungapolli 2. júlí, og þaoan til bæjarins aftur þann 13. sept. Höfou þau þá dvalio þar um 10½ vikna tíma. Börnin voru alls 72 ao tölu, 36 stúlkur og 36 piltar, á aldrinum 5-12 ára. Eins og ao venju voru aoeins tekin fátæk og veikluo börn, sem þó ao undangenginni læknisskooun, reyndust laus vio alla smitandi sjúkdóma.

Framför barnanna, ao þessu sinni, var mjög góo, þyngdarauki þeirra varo ao meoaltali 2,7 kg. en hæoarauki ao meoaltali, 1,5 cm. Mestur þingdarauki varo á stúlkubarni einu, 6,4 kg., en meoal piltanna varo hann mestur 4,6 kg.

Forstöoukonur voru þær læknisfrú, Vigdís G. Blöndal frá Stafholti og ungfrú Katrín Magnúsdóttir frá Gilsbakka. Auk þeirra voru 7 stúlkur og tveir karlmenn á heimilinu, eoa alls 11 fulloronir.

Þetta er 23. sumario sioan starfsemi þeirra Oddfellowa hófst á þessu svioi, en 10. ário, sioan þeir byrjuou hana ao Silungapolli. Sumardvöl barnanna hefir jafnan verio ókeypis.
S.l. 3 ár hefir bæjarstjórn Reykjavíkur haft 40 börn á sínum vegum ao Silungapolli og var dvöl þeirra einnig ókeypis.

Læknir félagsins er Árni Pétursson, og hefir hann umsjón áour en börnin fara til sumarvistarinnar, ~~og~~ svo og eftirlit meo heilsu þeirra.

Stjórnarkosning fór þannig:

Formaour var kosinn Jón Pálsson, fyrverandi gjaldkeri Landsbankans, og meostjórnendur þeir Haraldur Árnason, kaupmaour, Árni Pétursson læknir, Gísli Jónasson yfirkennari og frú Lára Árnadóttir. Þeir Jón Pálsson og Haraldur Árnason hafa gegnt þessum störfum frá öndverou.

Fundurinn tjáoi forstöoukonum, stjórnendum og starfsfólki öllu, er vio Silungapoll hefir starfao ao undanförnu, hugheilar þakkir sínar fyrir ágætt og óeigingjarnt starf, og óskaoi þess, ao mega njóta ~~þessara~~ starfskrafta þeirra sem lengst. Fundurinn færoi og bestu þakkir sínar öllum þeim, er meo fjárhagsstuoningi, gjöfum eoa annari hugulsemi hafa aukio viogang félagsins og vöxt þess. Ná þakkir þessar einnig til hinna mörgu velunnara þess, er standa utan vio félagsstarfsemina, en styrkt hafa félagio meo því, ao kaupa ártíoa-minningarspjöld þess, til minningar um látna vini sína, og jafnframt vilja vera hinum fátæku og veikluou börnum til styrktar og stuonings.

# III B

Útvarpið hefir komið að máli við Jón Pálsson fyrv. bankaféhirði um fyrirætlanir Odd-Fellows í sinni viðvíkjandi sumardvöl barna á þeirra vegum að Silungapolli og starfsemi þeirra þar á þessu sumri. Jón Pálsson sagði um það á þessa leið:

Daginn eftir að hinir erlendu hermenn gengu hér á land, var alt tilbúið þar efra, við Silungapoll, til þess að fylla mætti húsið af börnum tafarlaust, hvenær sem á þyrfti að halda. Það var þegar öllum ljóst, þeim, sem annars höfðu nokkra hugsun á því, að sjálfsagt væri að gera einhverjar ráðstafanir til þess að koma sem allra flestum börnum héðan úr bænum og það mjög bráðlega, m. a. af eftirtöldum ástæðum:

Óvenjulegir atburðir bentu til þess, að bráðlega gæti orðið um yfirvofandi hættu að ræða, að vísu eigi svo mjög, að um lífstjón yrði að ræða, heldur hitt, að ef eitthvað óvenjulegt bæri að höndum, hlyti svo að fara, að ofsahræðsla kynni að grípa fólkið, einkum konur og börn, svo að alt komist í uppnám og öngþveiti og við ekkert yrði ráðið, á líka lund sem þá, er stórfelldan húsbruna ber að höndum, þar sem fjölmenni mikið er fyrir og örðugt mjög um undankomu. Það var óttinn við þetta, og annað ekki, sem olli því, að engar vöflur voru á því hafðar, að senda menn og konur upp að Silungapolli í býtið hinn 11. maí, til þess að opna alla hlera og glugga hússins, viðra sængurfatnað allan, þvo gólf og opna vatnsleiðslur allar innan húss og utan, í húsinu sjálfu, þvottahúsinu og vatnsgeyminum. Þá var og unnið að því sem þurfti að sá og setja í matjurtagarðinn o. s. frv., svo að alt væri tilbúið, hvenær sem til þess þyrfti að taka.

Þá var og önnur ástæða sú, að nú voru skólarnir, af eðlilegum ástæðum, að hætta að þessu sinni. Þetta var mánuði fyrr í tíma en vant var, og því sjálfsagt að nota nú tækifærið til þess að koma sem allra flestum börnum á brott úr bænum, úr þessu „Rossaporti" þéttbýlisins, göturyksins og lausungarinnar, fjarlægja þau og reyna að koma þeim undan hinum illu og skaðlegu áhrifum þeirra mann~~[illegible]~~kinda, sem ~~[illegible]~~ engu unna og ~~[illegible]~~ né öðru vilja ~~[illegible]~~ sinna en því, sem ljótt er og lúalegt. Þeirra, sem jafnvel gera sér „leik" að því, að kenna börnunum blót og formælingar, klám og klúryrði þau öll sem hugsanleg eru.

Forstöðunefnd Barnaverndarfélagsins hraðaði undirbúningi þessum svo mjög, vegna barna þeirra er hún væntanlega hefir á vegum sínum í sumar, sökum þess hve mikinn undirbúning þarf til þess, m. a. læknaskoðun, val í börnunum o. fl. að „alt sé í lagi" og ómögulegt er að inna af hendi eða ljúka á fáum dögum. Nefndin gerði einnig ráð fyrir, að bráðlega mundi verða hafizt handa af hálfu annara manna um að koma börnum í sveit og vildi hún þá sízt af öllu láta á sér standa með framkvæmdir í þessa átt, heldur verða jafnvel einna fyrst til þess að vekja athygli annara manna um það, hvað fyrir þeim lægi að gera, jafnvel þótt um annað yrði eigi að ræða en óttann við ofsahræðslu almennings af eitthvað kynni fyrir dyrum.

— Þetta er 23. sumarið síðan starfsemi félagsins hófst. Umsóknirnar streymdu og hafa aldrei verið fleiri en nú. Umsóknarfresturinn varð að vera nokkru styttri en áður, sökum ýmsra erfiðleika og undirbúnings og er fresturinn á enda á morgun, (5. júní). Næsta dag, fimtudaginn 6. júní, kl. 9 árd., eiga svo öll þau börn, er umsóknir hafa sent, að mæta í Miðbæjarbarnaskólanum, kl. 9 árdegis til læknisskoðunar. Hefir skólastjórinn þar, hr. Hallgrímur Jónsson nú sem áður sýnt félaginu þá miklu velvild að halda o. m. fl. einni stofu opinni til læknisskoðunarinnar og telur skólastjórinn mega hætta á, að börnin verði fyrir neinum trafala af hálfu hins erlenda manna er þar hafast við, enda segir hann þá svo vel siðaða menn, kurteisa og velviljaða að þeir skilji jafnvel betur og engu miður en vér bæjarbúar, hvað hér sé verið að gera fyrir börnin: Að hjálpa þeim

Félagsstjórnin hefir nú, eins og 3-4 síðastl. ár, gjört bæjarstjórn Reykjavíkur kost á því að fylla húsrúm barnaheimilisins með „fátækum og veikluðum börnum" að því leyti sem félagið sjálft eigi notar það fyrir hin „fátæku og veikluðu börn", sem það sjálft hefir á sínum vegum, aðstandendum þeirra algjörlega að kostnaðarlausu. Bæjarstjórnin hefir því nál. 40 börn þar efra að þessu sinni á sínum vegum, undir stjórn þeirri er félagið sjálft setur þar fyrir þau börn er það tekur að sér.

Önnur þeirra forstöðukvenna, er þar var í fyrra, hefir fengið stöðu sem hjúkrunarkona í sjúkrahúsi

í Norðurlandi. Starfsfólk er að mestu leyti óráðið að þessu sinni. Sökum vaxandi dýrtíðar og annara erfiðleika verður nú reynt að komast af með færra starfsfólk nú en áður og sennilega einhver breyting gjörð á ráðningu þess.

Það, sem einna mestum áhyggjum veldur nú, er það spursmálið um hverju börnin eigi að lifa. Best hefði verið í það, að nota stuttu aðeins skömmtunarseðla barnanna sjálfra, þar sem það í við, og er víst eigi í annað hús að venda með það, en það er víst, að þar nær sykurskamturinn naumast hálfa leið. Hvort úr þessu verður bætt eða hvað, veit ég ekki að svo stöddu. Engar birgðir af þurrkuðum ávöxtum, rúsínum og sveskjum eru sagðar fyrir hendi og þeirra hvorki geta börnin verið né mega vera, og verður nú farið fram á það, að fá eitthvað af þessum bráðnauðsynlegu vörutegundum, ekki einungis fyrir börn þau er að Silungapolli dvelja, heldur og önnur þau barnaheimili, er hafa stórum hópi barna fram að fleyta. Að óreyndu bera allir svo góðar vonir til þeirra er um þau mál fjalla, að þeir vilji gera alt það, er í þeirra valdi stendur til þess, að börnin þurfi eigi að fara á mis við jafn nauðsynlega og ómissandi fæðutegund, sem ávextir þessir eru.

Reynsla undanfarinna ára hefir sýnt og sannað, að hér er ekki einungis um það eitt að ræða, „að koma börnunum í sveit", eins og það er almennt skilið og að orði komist um það, heldur og hitt, sem hefir jafnvel enn meiri þýðingu fyrir börnin, að hér er um síðbætandi uppeldi þeirra að ræða og holla heilbrigðisráðstöfun, sem þau búa lengi að, jafnvel alla æfi þeirra. Því er það tilfinnanlegt mjög öllum þeim er að starfsemi þessari standa, að geta eigi, einkum núna síðustu árin, tekið nema aðeins tvö börn af hverjum fimm börnum sem sótt er fyrir. Fjöldi umsækjanna nú, bendir á, að þau geta ekki orðið fleiri að þessu sinni, en það er eitt hið erfiðasta viðfangsefnið árlega fyrir þá, sem hafa það hlutverk með höndum, að eiga að velja fátækustu og útiloka nýta börnin úr hópi umsækjendanna, og að verða að gera nokkurt barn afturreka, en það er einnig sárt fyrir umsækjendurna, að fá neitandi svör við beiðnum sínum. Húsrúmið að Silungapolli, þótt gott og stórt sé það, leyfir eigi að tekin séu þangað fleiri en 70 börn. Lækniskoðunin ein sker því að mestu leyti úr um það, hver tekin eru, og verður naumast annar betri né réttlátari grundvöllur fenginn fyrir þessu. En nú er sú bót í máli, að hin síðari ár hafa mörg önnur

félög farið í sama hjólfarið og komið á hjá sér því líkri starfsemi sem þessari, að vísu eigi ótengt með öðru eins og starfsemi þessi er, en gegn mjög vægu gjaldi. Árangurinn hefir vitanlega orðið í líka lund: Börnunum og aðstandendum þeirra til ómetanlegs gagns, bæði andlega og líkamlega, enda er þetta takmarkið, sem stefnt er að og enginn má missa sjónar á.

Svo mjög sverfur nú að með uppeldi barna hér í bæ og víðar um landið, að til vandræða horfir um heilbrigt og hollsamlegt siðferði þeirra, hugsunarhátt allan og heillarík áhrif. En hér er áreiðanlega við ramman reip að draga: Sinnuleysi aðstandenna margra um hegðun og framferð sinna eigin barna, en hinsvegar kærleiksleysi og lausung annarra, hinna sjálfbyrgingslegu manna og svallfengnu, sem engin afskifti af annarra manna hálfu og þeirra er betur mega, þola þeim né öðrum og þykir það slettirekuskapur einn, þótt um afillöng áhrif til ills kunni að vera að ræða fyrir börnin, sem eiga svo ósegjanlega mikið undir því, hvernig vér, hinir eldri, búum að þeim.

Erindi mín í útvarpinu nú fyrir nokkrum fáum árum (28. ágúst og 4. september 1935) fjölluðu um þetta mál, sem að börnunum snéri til hinna fullorðnu um að gæta sín og barna sinna fyrir hinum óheillaríku áhrifum, er þá voru í hraðri uppsiglingu og nú eru að koma fram í hinum saklausu smælingjum þjóðarinnar, en ég var hæddur fyrir þessi afskifti mín af þeim málum, og varð mér þá ljóst það er ég eigi vissi um áður, en hefi síðan séð, að klerkurinn sjálfur gekk fram fyrir skjöldu og játaði – með tárum sínum – að hann væri einn af öðrum, sem teldi nærri sér höggvið með því sem ég sagði í þessum erindum mínum: það mætti teldi ófætt vera, játaði hann með þessu að væri hans eigin sök. Þetta var nægileg úrlausn málsins hvað hann áhrærði, en ekki fyrir mig svo, að mér fellist hendur og hætti með öllu afskiftum mínum af aðbúð og uppeldi hans eða annarra á börnum þeirra, en þau afskifti hefi ég lengi haft og mun hafa meðan tími vinnst til.

Við sérhverja torveldun og tilraun til þess að hindra hjálparviðleitni manna gagnvart börnum hefir margra ára starfsemi mín kent mér óbrigðult öruggt ráð: Að skeyta því engu, þótt einhver amist við henni, heldur halda starfseminni áfram með óbrigðulli trú á að hið góða og fagra vinni að lokum sigur á hinu illa og ljóta, sem nú virðist vaða uppi í heiminum, hér

landi sem annarstaðar. Sérhver sá, er torveldar öðrum mönnum gott að gera, er ólánsamur maður og engin velferðarstoð þjóðfélagsins.

Að lokum leyfi ég mér að beina þeirri áskorun minni til allra þeirra, sem nú á tímum hafa lokað augum sínum og eyrum fyrir því sem er að gerast í uppeldismálum þjóðarinnar, sem felst í þessari ljóðlínu skáldsins:

„Gjöri hver að gæta sín, guð drottinn allra."

Jón Pálsson.

Þegar til kom og bíta skyldi, þetta var sagt: „Það er ekki hægt að taka þetta: Það er bað: svo langt og svo er afskekkt með lýsingar í fél. og afgr." (ónóður!..) Og tók þeir þá á herðum, að ekki skyldi bíta neitt af því, enda hafði ég einn hugað þetta og samið og gaf þeir á hverð það þetta. En umliðið og ég tók líðinn áfram sagði ég: Þetta er fram komið að allir ómeðvitaðir barna í sveit og að þessa einni langt á undan öðrum, hún kostar engan eyri, allir þeir, er halda henni uppi, vinna kauplaust og greiða auk þess árleg útgjöld sín (ég borga t.d. 100 á ári og er þar fram eftir í loglega. Sennilega verður Styrktarsjóðnum notaður fyrir 30 börn (samtals, með öðrum) eða 35), sem ég hefi fengið í dag. Um þetta vill útvarpið ekki láta almenning vita, en hitt veit ég, að það kemst ekki undan þeim sem um það stóð fjalla. ef útvarpið verður annars ugfært, að bíta miklu meira en þetta fréttum, þótt sé ... af og verður, kostnaðarlaust kr. (jafnvel 100 þús. kr.), þeir vinni fyrir fullu kaupi en greiði engin gjöld eða lítil. Við sjáum til.

15. maí 1940

J. P.

Jón Pálsson